

302. fundur Skólanefndar FS

11. maí 2010



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Fanney D. Halldórsdóttir, Hjálmar Árnason, Ingimundur Þ. Guðnason, Oddný Harðardóttir, áheyrnarfulltrúarnir Ægir Karl Ægisson og Bjarki Rúnarsson og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Útskrift.
 2. Kennararáðningar og staða innritunar.
 3. Fjárhagsstaða.
 4. Samstarf við grunnskóla.
 5. Þróunarverkefni.
 6. Önnur mál.

1. Útskrift.

Útskrifað verður laugardaginn 22. maí. Alls munu 88 nemendur útskrifast í vor.

2. Kennararáðningar og staða innritunar.

Búið er að auglýsa nokkrar stöður kennara. Borist hafa 789 umsóknir frá núverandi nemendum um nám á næstu önn, um 300 frá nýnemum og þá hafa 88 aðrir sótt um. Enn er ekki ljóst hve marga verður hægt að taka inn.

3. Fjárhagsstaða.

Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi fjárhag skólans.

4. Samstarf við grunnskóla.

Skólameistari sagði frá því að menntamálaráðuneyti er tilbúið til að greiða hluta af kostnaði við kennslu nemenda 10. bekkjar grunnskólanna. Sveitarfélögin munu þá greiða hluta af kostnaði ásamt skólanum. Boðið verður upp á færri valáfanga en verið hefur. Nefndarmenn lýstu ánægju sinni með þessar fréttir og minntu á mikilvægi samstarfs skólans við grunnskólana.

5. Þróunarverkefni.

Skólameistari sagði frá því að skólinn hefur sótt um styrki til að útfæra nýjar starfsnámsbrautir sem fara af stað í haust. Þá hefur verið sótt um styrki til að þróa nokkra nýja áfanga.

6. Önnur mál.

- a) Spurt um stöðu nemendafélagsins. Fulltrúi nemenda sagði frá því helsta í starfsemi félagsins.
- b) Hjálmar lýsti ánægju sinni með að útilistaverk er komið á sinn stað fyrir ofan Holtaskóla.
- c) Rætt um umgengni og reykingar. Nefndarmenn lýstu ánægju sinni með að búið er að hreinsa tyggjóklessur af stétt við aðalinnganginn í skólann.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson,
fundarritari